

Upplýsingar um val í fyrsta bekk vor 2024

Nú er komið að því að nemendur í 1. bekk velji sér valgreinar fyrir vorönn í 2. bekk, þ.e. þær brautir sem taka valgreinar á öðru ári. Náttúrufræðibraut mun skiptast upp í þrjár brautir að loknum fyrsta bekk, þ.e. heilbrigðisbraut, náttúrufræðibraut og raungreina- og tæknibraut. Af þessum þremur brautum er einungis náttúrufræðibraut sem velur einn valáfanga fyrir vorönn 2024. Það eru því nemendur sem eru á félagsgreinabraut, kjörnámsbraut (sviðslistir), mála- og menningarbraut og náttúrufræðibraut sem eiga að velja sér einn valáfanga (og einn til vara) fyrir vorönn 2024. Tónlistarnemendur geta valið hvoru tveggja áfanga í MA og TA.

Hér á eftir er að finna upplýsingar um val á hverri braut.

Braut	Valeiningar	Lágmark sérgreina brautar	Sérgreinar	Vor 2. bekk	Haut 3. bekk	Vor 3. bekk
Félagsgreinabraut (FB)	25	10	félagsgreinar, saga, heimspeki, landafræði, félagsgreinaenska, stærðfræði	5 einingar	10 einingar	10 einingar
Heilbrigðisbraut	20	10	raungreinar, raungreinaenska, sálfræði, stærðfræði og forritun		10 einingar	10 einingar
Kjörnámsbraut (KBS, KBT). Nem. á KBT taka val ýmist í MA eða TónAk	20	10	listgreinar, menning, heimspeki, enska og stærðfræði	5 einingar	5 einingar	10 einingar
Mála- og menningarbraut (MMB)	25	10	erlend tungumál, ferðamál, menning, landafræði, saga, heimspeki, íslenska og stærðfræði	5 einingar	10 einingar	10 einingar
Náttúrufræðibraut (NB)	25	15	raungreinar, raungreinaenska, stærðfræði og forritun	5 einingar	10 einingar	10 einingar
Raungreina- og tæknibraut (RTB)	20	10	raungreinar, raungreinaenska, stærðfræði og forritun		10 einingar	10 einingar

Nemendur þurfa að skoða vel á hvaða þrepum áfangarnir eru sem þeir velja. Einnig þarf að hafa í huga hvaða undirbúningskröfur eru gerðar í því námi sem stefnt er að loknu stúdentsprófi og velja valáfanga í samræmi við það. Aðgangsviðmið háskólanna má finna á heimasíðu skólans undir **NÁMIÐ – VALGREINAR**

Áfangalýsingar er að finna á heimasíðu skólans undir hlekknunum **Valgreinar**, þar er bæklingur sem heitir **Valgreinabæklingur vor 2024** með stuttri lýsingu á hverjum áfanga. Athugið vel hver undanfari hvers áfanga er, þ.e. hvaða áföngum þið þurfið að hafa lokið til að geta skráð ykkur í tiltekna áfanga. Einnig þurfið þið að skoða hvaða áfangar falla undir sérgreinar brauta.

Þú skráir valið þitt í Innu og í valgreinabæklingi er að finna ítarlegar leiðbeiningar um hvernig sú skráning fer fram.

Brautastjórar og náms- og starfráðgjafar eru nemendum til ráðgjafar og aðstoðar við val á áföngum og skráningu. Nemendur eru hvattir til að nýta sér þessa þjónustu.

SÍÐASTI DAGUR TIL AÐ SKRÁ VAL Í INNU ER MÁNUDAGUR 18. MARS

Valáfangar í boði fyrir 2. bekk á vorönn 2025

(núverandi 1. bekkur)


Áfangi	Félagsgreinabraut	Mála- og menningarbraut	Kjörnámsbraut Sviðslistir og tónlist	Náttúrufræðibraut
BORG2LM05	X	X	X	X
EFNA2HE05	X	X	X	
ENSK3DM05	X	X	X	X
ERLE2LS05**	X	X	X	X
FORR2FO05				X
FRAN2MM05	X	X	X	X
GRHÖ1GR05***	X	X	X	X
HEIL2BL05	X	X	X	X
HÖTE1GR05	X	X	X	X
ÍSLE2TÓ05	X	X	X	X
ÍSLE2YN05	X	X	X	X
KYNF2KF05	X	X	X	X
LÍFF3ÞL05	X	X	X	X
LÍFF3ÆF05	X	X	X	X
LÖGF2GR05	X	X	X	X
STJÖ2AS05	X	X	X	X
STÆR2LÁ05*	X	X	X	
TÁKN1AI05	X	X	X	X
TÆKN2VI05	X	X	X	X

* Áfangi í kjarna FB, KB og MMB, skylda fyrir þá nemendur sem taka hann ekki í 1. bekk.

** Heilsársáfangi fyrir **alla** nemendur í 2. bekk

*** Áfanginn er kenndur utan stundarskrár

Nemendur skrá valið sitt í INNU. Nemendur eiga að velja **einn áfanga í aðalval og einn í varaval.**



Reglur um val, lýsingar á valáföngum og leiðbeiningar má finna í valgreinabæklingi. Notið QR kóðann eða farið inn á ma.is og veljið Námið - Valgreinar

Brautastjórar og náms- og starfráðgjafar eru nemendum til ráðgjafar og aðstoðar við val á áföngum og skráningu. Bókið viðtal!



Síðasti dagur til að skrá val í Innu er mánudagur 18. mars